

8. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins, þá skulu allar eignir hans renna til Heyrnarleysingjaskólans í Reykjavík.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 17. september 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir jólaglaðningssjóð Ríkeyjar Sigurðardóttur og Önnu Steinþórsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jólaglaðningssjóð Ríkeyjar Sigurðardóttur
og Önnu Steinþórsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jólaglaðningssjóður Ríkeyjar og Önnu.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Steinþór Benjamínsson og börn hans, Brynhildur, Elísabet og Birgir. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um eiginkonu Steinþórs, Ríkeyju Sigurðardóttur, sem lézt 2. ágúst 1948, og Önnu Bryndísi Steinþórsdóttur, dóttur þeirra, sem lézt 14. desember 1966.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 000.00 og skal hann ávaxtaður í Sparisjóði Þingeyrarhrepps, Þingeyri.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja gamalt fólk, sem á enga aðstendendur, á jóluum, ef elliheimili verður stofnað í Þingeyrarhreppi. Úthlutun má fyrst fara fram árið 1985, en þá eru 100 ár frá fæðingu Ríkeyjar. Fram að þeim tíma skulu vextir af sjóðnum og aðrar tekjur bætast við höfuðstól, en eftir að úthlutun hefst, má úthluta $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta, en $\frac{1}{4}$ hluti bætist við höfuðstól.

5. gr.

Kvenfélagið „Von“ á Þingeyri annast stjórn og úthlutun úr sjóðnum og veitir gjöfum og áheitum móttöku. Hætti kvenfélagið „Von“ störfum, er það ósk stofnenda, að hreppsnefnd Þingeyrarhrepps skipi sjóðnum nýja stjórnendur.

6. gr.

Ef elliheimili hefur ekki verið stofnað í Þingeyrarhreppi árið 2000, skal stjórn sjóðsins heimilt að verja öllum sjóðnum eða hluta hans til annarra líknarmála í Þingeyrarhreppi.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðenda.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þingeyri, 28. september 1968.

AUGLÝSING

**um breytingu á reglugerð nr. 25 6. marz 1959,
um útflutning hrossa.**

1. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Landbúnaðarráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um útflutning á fylsugum til nóvemberloka 1968, enda verði þá gerðar sérstakar ráðstafanir til að fylgjast með líðan hrossanna.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 64 26. nóvember 1958, um útflutning hrossa, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. október 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Skriðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt í Skriðdalshreppi, Suður-Múlasýslu, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.